

Sp.

62. Fyrirspurnir.

[59. mál]

I. Til samgönguráðherra um vegarstæði yfir Þorskafjörð.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvað líður könnun á vegarstæði yfir Þorskafjörð frá Stað á Reykjanesi að Skálanesi?

II. Til forsætisráðherra um auðæfi á eða í íslenskum hafshotni.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hvaða aðilar hafa óskað leyfa til að leita að olíu, jarðgasi eða öðrum auðæfum á eða í hafshotni á íslensku yfirráðasvæði?
2. Hvernig hefur verið brugðist við þessum óskum?
3. Hefur ríkisstjórnin mótað nokkra stefnu varðandi leit að olíu, jarðgasi eða öðrum auðæfum á eða í hafshotni Íslands?
4. Hefur ríkisstjórnin undirbúið viðbrögð og stefnu ef slík auðæfi finnast á eða í hafshotni á íslensku yfirráðasvæði?

III. Til iðnaðarráðherra um störf nefndar vegna eftirlits með raforkuvirkjum.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvað líður störfum nefndar frá 1. nóv. 1972 vegna eftirlits með raforkuvirkjum?
2. Hefur nefndin gert einhverjar tillögur til ráðuneytisins um bætt skipulag þessara mála, t. d. að Rafmagnseftirlit ríkisins verði sjálfstæð stofnun?